

BRÁÐABIRGÐALÖG um lántöku Áburðarverksmiðju ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að setja lög til að styrkja fjárhagsstöðu Áburðarverksmiðju ríkisins og tryggja þar með að byggingu saltpéturssýruverksmiðju verði lokið í vor.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Áburðarverksmiðju ríkisins er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 80 millj. kr. sem ríkissjóður ábyrgist í samræmi við ákvæði 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1983. Ríkisstjórninni er heimilt að greiða helming hverrar afborgunar og vaxta af láni þessu og skulu þær greiðslur metnar sem stofnframlag ríkissjóðs í Áburðarverksmiðju ríkisins vegna byggingar saltpéturssýruverksmiðju.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.